

Yfirlýsing um rétt Evrópubúa til læsis

Inngangur

Læsi er lykilatriði fyrir þroska hvers einstaklings. Það gerir fólki kleift að lifa lífi sem gefur því bæði tilgang og fullnægju og taka þátt í að auðga það samfélag sem það býr í. Þegar talað er um læsi er átt við færni til að lesa og skrifa á þann hátt að einstaklingar geti skilið og skrifað texta á öllum miðlum (prent- og rafrænum), þar með talið er stafrænt læsi.

Læsi er nauðsynleg forsenda alls náms. Í þekkingarsamfélögum 21. aldar þar sem ör tækniþróun ríkir í síbreytilegu starfsumhverfi er lestrarnám ekki lengur bundið við æsku og unglingsár heldur verður að líta á nám til læsis sem þörf og nauðsyn alla ævi.

Læsi - áskorun í Evrópu

Í Evrópu hefur einn af hverjum fimm fimmtán ára unglingum og næstum 55 milljónir manna ekki náð grundvallarfærni í læsi. Þetta torveldar þeim ekki aðeins að fá starf heldur eykur treglæsið hættu á fátækt og félagslegri útilokun, og takmarkar tækifæri til menningarlegrar og félagslegrar þátttöku, ævináms og persónulegs þroska.

Evrópusambandið telur að litlar framfarir hafi orðið á læsi síðastliðinn áratug. Skref í rétta átt getur skipt sköpum. Í þessari yfirlýsingu er lögð áhersla á að með réttum stuðningi geti börn og unglingar öðlast góða lestrarfærni og fullorðnir bætt færni sína og náð þeim sess í þjóðfélaginu sem þeir eiga rétt til.

Grundvallarréttur íbúa Evrópu til læsis

Allir íbúar Evrópu eiga rétt á að verða læsir. Aðildarlönd Evrópusambandsins verða að sjá til þess að fólki á öllum aldri, án tillits til þjóðfélagsstöðu, trúar, kynþáttar og kyns, verði veittar nauðsynlegar aðstæður og tækifæri til þess að öðlast næga og sjálfbæra færni í lestri til þess að geta skilið og notað ritaðan texta á prenti og rafrænum miðlum.

II SKILYRÐI SEM NAUÐSYNLEG ERU TIL ÞESS AÐ ALLIR GETI NOTFÆRT SÉR RÉTT SINN TIL LÆSIS:

1. Áhugi Ungra barna verði vakinn heima fyrir á viðfangsefnum sem stuðla að þróun læsis.

2. Foreldrar fái stuðning til þess að hjálpa börnum sínum við lestrarnámið.

3. Góður leikskóli á hæfilegu verði sem allir ráða við ýtir undir málþroska barna og styður þróun til læsis.

4. Úrvals lestrarkennsla fyrir börn, unglunga og fullorðna verði álitin aðalverkefni allra menntastofnana.

5. Allir kennarar fái trausta grunnmenntun og sérfræðimenntun í lestrarkennslu til þess að vera vel búnir undir að sinna þessu mikilvæga verkefni.

6. Lögð verði áhersla á rafræna færni í öllum aldurshópum.

7. Lögð verði áhersla á lestur til ánægju og ýtt undir hann.

8. Bókasöfn verði aðgengileg og vel búnin.

9. Otroci in mladostniki, ki imajo pri branju in pisanju težave, prejmejo ustrezno pomoč specialnega pedagoga.

10. Börn og ungt fólk, sem á í lestrarerfiðleikum, fái sérfræðihjálp við hæfi.

11. Þeir sem marka stefnu, sérfræðingar, foreldrar og sveitarfélög vinni saman að því að tryggja jafnt aðgengi að læsi með því að ryðja úr vegi hindrunum bæði félagslegum og í menntakerfinu.

Höfundar: Renate Valtin (chair), Viv Bird, Greg Brooks, Bill Brozo, Christine Clement, Simone Ehmgig, Christine Garbe, Maurice de Greef, Ulrike Hanemann, Kees Hammink, David Mallows, Fabio Nascimbene, Sari Sulonen, Giorgio Tamburlini.



This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views of its authors only, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained herein.